
LITLA RAUÐA MÚSIN
ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON

ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON

LITLA RAUÐA MÚSIN

Litla Rauða Músin
© Þorgrímur Þráinsson 2026

Öll réttindi áskilin

Umbrot og uppsetning: Kristófer Þorgrímsson

Þessi smásaga er eingöngu ætluð áskrifendum thorgrimur.is til persónulegra nota. Óheimilt er að afrita, dreifa, birta, selja eða miðla efninu, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar.

Takk fyrir að styðja íslenska barnabókaútgáfu og virða höfundarrétt.

„Er tungan mín rauð eins og sólin?“ spurði Þorlákur Helgi sem var fimm ára. Hann rak tunguna nánast framan í systur sína.

„Sólin er gul en ekki rauð,“ sagði Kolfinna sem var sex ára, „en sólin er appelsínugul áður en hún hverfur á bak við fjöllin eða ofan í sjóinn. Hún skoðaði tunguna sína í speglinum. „Tungan mín er miklu rauðari en þín.“

,,Þín er eins og blóð,“ sagði bróðir hennar. „Vinur minn sagði að sólin væri græn á Grænlandi,“ bætti hann við. „Og á morgun verður tungan mín blá af því ég á einn bláan sleikjó eftir.“

Það var nammidagur í sumarbústaðnum. Snjór yfir öllu, vægt frost og margt í gangi. Pabbi hrærði í rauðu málningunni, mamma hrærði í hveitiskálinni

því hún ætlaði að bjóða upp á rjúkandi heitt brauð í drekkutímanum. Á pallinum bjó Kolfinna til snjóhús fyrir smáfuglana og Þorlákur Helgi bjó til bílskúr úr snjó fyrir slökkviliðsbílinn.

Fjölskyldan ætlaði *dytta að* bústaðnum um helgina.

Hér má teikna mynd

„Hver vill mála þakið?“ spurði pabbi þegar hann birtist eins og jólasveinn í rauðum strigaskóm, hvítum málningabuxum, rauðri, slitinni peysu og með hvíta húfu.

„**AAAAAAAAAAA!**“ öskraði Kolfinna skelfingu lostin þegar hún leit á pabba sinn. „Það er mús á húfunni þinni.“

Þorlákur Helgi spratt á fætur en pabbi lét sér hvergi bregða. „Mús,“ sagði hann rólegur. „Mig hefur alltaf langað í grillaða mús.“

„Nei, pabbi,“ sagði Þorlákur Helgi *skelkaður*. „Fólk borðar ekki mýs.“ Kolfinna greip fyrir munninn. „Ég sá músina gægjast, pabbi. Í alvöru. En svo hvarf hún bara.“

„Mig langar að eiga músina,“ sagði drengurinn.

„Þú mátt eiga hana ef þú finnur hana,“ sagði pabbi, tók af sér húfuna og beygði sig brosandi að syni sínum.

Músin var horfin.

„Hún var rauð, pabbi," sagði Kolfinna, „appelsínurauð og pínkulítil. Hún hlýtur að hafa hlaupið niður bakið á þér."

„Ég vil fá mús í jólagjöf," sagði Þorlákur Helgi og *grandskoðaði* húfuna.

„Þú færð mús og Kolfinna gráðugan kött," sagði pabbi og klifraði upp á þak með málninguna.

